

Hætt við að loka Bjargi

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra hefur látið undan þrýstingi og ákveðið að ekki komi til lokunar Bjargs, heimilis fyrir geðklofa-sjúklinga. Þessi tillaga var á meðal þeirra sem sparnaðarnefnd ráðherra lagði á borðið en ráðherra varð að gefa eftir. Ráðherra hefur einnig gefið eftir í niðurskurðarhörkunni varðandi fleiri atriði svo sem lokanir deilda hjá geðsjúkum, en aftur á móti stingur hún upp á því að framkvæmdir séu settar í salt. Heilbrigðisráðherra hefur almennt verið sakaður um að vera strengjabrúða í höndum fjármálaráðherra í niðurskurðaráttakinu í heilbrigðis- og tryggingamálum. Í opnu bréfi Ingólfs H. Ingólfssonar framkvæmdastjóra Geðhjálp til heilbrigðisráðherra segir hann meðal annars: „Geðhjálp fagnar þeirri athygli sem málefni geðsjúkra hafa fengið að undanförmu. Það læðist samt sá andstyggilegi grunur að mér að þessi umfjöllun sé tilkomin vegna þess að geðsjúkir hafi orðið að leiksoppi í baráttu heilbrigðisstofnana við niðurskurðaráform ríkisstjórnarinnar... Reynist þessi grunur ekki réttur verður Geðhjálp að líta svo á að niðurskurður í mála-flokki geðsjúkra þýði aðeins annað af tvennu - að stjórnvöld telji geðsjúka hafa fengið of mikla heilbrigðisþjónustu eða að geðsjúkingar skuli ekki fá þá þjónustu sem þeir heilsu sinnar vegna þurfa.“